



Málæði býður unglingum er að skrifa texta sem tónlistarfólkið Klara Elías og Vignir Snær Vigfússon semja nýtt lag við. Lagið og textinn verður flutt af Klöru Elías, Vigni og hljómsveit í Málæðis þætti á RÚV á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember 2025.

Leiðbeiningar - hugmynd að útfærslu

1. Nemendur horfa á [myndband með Klöru Elías og Vigni Snæ](#).
2. Lagið á að vera um viðfangsefnið: *Að vera unglingur - á milli tveggja heima*. Textinn á að fjalla um þeirra veruleika tengt þessu umfjöllunarefni. Það má túlka alveg frjálst svo lengi sem það er á íslensku sem unglingar nota. Hver bekkur má senda inn eina hugmynd eða eins margar og áhugi og aðstæður bjóða upp á.
3. Nemendur skrifa niður texta. Hvert erindi er fjórar línur og viðlagið fimm línur.
Erindi 1, erindi 2, viðlag, erindi 3, viðlag (sama eða aðeins breytt)

4. Textum skal skila inn á pdf formi [hér](#). Loka skiladagur er 3. október.

Hvað gerist svo?

1. Klara og Vignir Snær fara yfir textana og setja saman einn texta úr nokkrum.
2. Þau semja lag við textann.
3. Lagið verður frumflutt í Sjónvarpsþættinum [Málæði - unglingar, íslenska og tónlist](#) (þáttur síðasta árs) og fer á Spotify og aðrar streymisveitur.

Nánari upplýsingar má finna á [vefsíðu verkefnisins](#).

Verkefnið er á  Instagram [@malaedi_](#) og  TikTok [@malaedi_](#)



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið



List fyrir alla



RÚV